

## LEIÐBEININGAR

### Stofnstyrkir skv. 11. grein safnalaga

Skv. 11. grein safnalaga nr. 106/2001 getur safn, sem uppfyllir skilyrði safnalaga um rekstrarstyrk, sótt um styrk til byggingar húsnæðis eða kaupa á húsnæði úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar. Orðrétt segir í 11. grein:

***11. gr.** Nú vilja stjórnendur safns sem uppfyllir skilyrði laga þessara um rekstrarstyrk, sbr. 10. gr., afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og eiga þeir þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess í fjárlögum enda samþykki Safnaráð húsnæðið og stofnkostnað. Framlag ríkissjóðs skal innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem stjórnendur safns gera við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast.*

Erindi, þar sem sótt er um stofnstyrk, eru send menntamálaráðuneyti (sérfræðingi á sviði safna í Lista- og safnadeild). Í erindinu komi fram upplýsingar um húsnæðið/nýbygginguna (teikningar og helstu upplýsingar um skipulag, aðstæður og nýtingu), kostnaðaráætlun og tímaáætlun. Menntamálaráðuneyti leitar svo umsagnar hjá Safnaráði, áður en ráðuneytið ákvarðar hvort stofnstyrkur verður veittur, en eins og fram kemur í 11. gr. er styrkveiting háð samþykki Safnaráðs á húsnæði og stofnkostnaði.

Rakel Halldórsdóttir,  
framkvæmdastjóri Safnaráðs